

Góuþing Veðurfræðifélagsins, Reykjavík, 22. febrúar 2018.

## **Almyrkvi á sólu - Hálf ár frá einstakri upplifun 21. ágúst 2017**

Þórður Arason, Veðurstofu Íslands

Almyrkvi á sólu er mjög sjaldséð fyrirbæri og meirihluti manna upplifir slíkt aldrei. Í fyrsta sinn á ævinni sá ég þetta magnaða fyrirbæri á vesturströnd Bandaríkjanna 21. ágúst 2017 kl. 10:17 PDT (17:17 UTC). Ég var þá staddur í Corvallis í Oregon, en þar bjó ég og stundaði nám fyrir þremur áratugum. Aðstæður voru eins og best verður á kosið, heiðskírt, logn og hlýtt. Sýndar verða myndir frá myrkvanum og lýst nokkrum sérkennilegum náttúrufyrirbærum sem sjást við almyrkva. Litið verður til almyrkva á Íslandi 12. ágúst 2026 og í nágrennalöndum á komandi árum, en það má eindregið mæla með því að leggja á sig ferðalag til að njóta almyrkva, a.m.k. einu sinni á ævinni.